

Ed.

770. Frumvarp til laga

[175. mál]

um breyting á lögum nr. 54 25. maí 1949, um Laxárvirkjunina.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Í stað orðanna „allt að 22 milljónum króna“ í 2. gr. laganna komi: allt að 38 milljónum króna.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður getur hvenær sem er gerzt meðeigandi að Laxárvirkjuninni. Frá því lög þessi ganga í gildi og þar til lokið er næstu framhaldsvirkjun á hann rétt á að gerast eigandi að 15 hundraðshlutum, að 35 hundraðshlutum, þegar henni er lokið, en að helmingi, þegar lokið er næstu aukningu virkjunarinnar þar á eftir. Kaupir ríkissjóður þá tiltölulegan hluta af þeim mannvirkjum, sem fyrir eru í fyrirtækinu. Kaupverðið eða hluta þess má ríkissjóður inna af hendi með því að taka að sér greiðslu á tilsvarendi hluta lána og annarra greiðsluskuldbindinga fyrirtækisins. Kaupverð mannvirkja, sem fyrir eru, þegar lög þessi ganga í gildi, skal, ef samkomulag fæst ekki, ákveðið með mati samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms, en kaupverð þeirra mannvirkja, sem gerð eru eftir þann tíma, skal vera kostnaðarverð þeirra, að frá dreginni eðlilegri fyrningu.

Þegar ríkissjóður er orðinn meðeigandi að Laxárvirkjuninni, framkvæma Akureyrarkaupstaður og ríkissjóður í félagi aukningar virkjunarinnar og kosta þær að réttu tiltölu við eignarhlutdeildir þeirra, unz fallið við Brúar er fullvirkjað, nema samkomulag verði milli aðila um aðra tilhögun. Ríkisstjórnin getur þá heimilað stjórn Laxárvirkjunarinnar að ráðast í virkjunaraukningar, þegar þeirra er þörf að dómi ríkisstjórnarinnar, og tekið til þess lán eða ábyrgt lán, sem stjórn Laxárvirkjunarinnar tekur í því skyni, að upphæð allt að 45 milljónum króna.

3. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Þegar ríkissjóður er orðinn meðeigandi að Laxárvirkjuninni, skal stjórn fyrirtækisins falin nefnd 5 manna, sem nefnist stjórn Laxárvirkjunarinnar. Þar til ríkissjóður er orðinn eigandi að helmingi Laxárvirkjunarinnar, tilnefnir bæjarstjórn Akureyrar 3 menn í stjórnina, en ríkisstjórnin 2. Þegar ríkissjóður er orðinn eigandi að hálfu fyrirtækinu, tilnefnir bæjarstjórn 2 menn í stjórnina, ríkisstjórnin 2, en hæstiréttur tilnefnir þá 5. manninn. Stjórnin skal skipuð til þriggja ára í senn.

Stjórn Laxárvirkjunarinnar hefur á hendi stjórn og rekstur hennar, undirbúning og framkvæmd aukninga og breytinga á mannvirkjum hennar. Hún getur ekki skuldbundið eigendurna að því er snertir ábyrgð á lánum og greiðsluskuldbindingum til aukinna framkvæmda eða breytinga á mannvirkjum, nema að fengnu samþykki þeirra hvors um sig.

Þegar ríkissjóður er orðinn meðeigandi að Laxárvirkjuninni, skulu nánari fyrir-
mæli um stjórn og rekstur virkjunarinnar sett í reglugerð, sem stjórn Laxárvirkj-
unarinnar setur með samþykki beggja eigenda og ráðherra staðfestir, sbr. og 1. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni hæstv. landbúnaðarráðherra. Einstakir nefndar-
menn áskilja sér óbundnar hendur um einstök atriði. Frv. fylgdu svo hljóðandi at-
hugasemdir:

Lög um Laxárvirkjunina, nr. 54 25. maí 1949, gera ráð fyrir því, að Akureyrar-
kaupstaður muni sjálfur annast þá viðbótarvirkjun, sem nú er fyrirhuguð, og er í
lögnum ekki um annan stuðning frá hendi ríkisins til þeirrar framkvæmdar að
ræða en ábyrgð ríkissjóðs á lánum, sem Akureyrarkaupstaður tæki til virkjunar-
innar, allt að 85% af kostnaðarverði hennar. Hafði Akureyrarkaupstaður þá leitað
nokkuð fyrir sér um öflun nauðsynlegs fjár til framkvæmdanna, en þó var enn
allt í óvissu, á hvern hátt það mætti takast.

Ríkisstjórnin hefur síðan unnið að öflun fjár bæði til Sogsvirkjunarinnar og
Laxárvirkjunarinnar, og hefur í því efni ávallt verið látið eitt yfir báðar virkjanirnar
ganga. Er nú svo komið, að tryggð eru ECA-lán til þeirra beggja fyrir andvirði
meiri hluta þess efnis, sem kaupa þarf frá útlöndum, og má telja líklegt, að með til-
stilli Alþingis og ríkisstjórnarinnar takist að tryggja virkjununum það, sem á vantar
fyrir erlenda kostnaðinum og fyrir innlendum kostnaði, að því leyti er kaupstað-
irnir ekki sjá fyrir fé til virkjananna, en sem stendur er gert ráð fyrir, að kaup-
staðirnir annist útvegum á sem nemur um 9 hundraðshlutum af heildarfjárbörfinni.

Með því breytta viðhorfi, sem verður við þetta, þykir eðlilegt að gera ráð fyrir
því, að framhald samvinnu ríkis og Akureyrarkaupstaðar um framkvæmd viðbótar-
virkjunar í Laxá verði einnig með sama hætti og er milli ríkis og Reykjavíkur við
Sogsvirkjunina, en sem kunnugt er hefur ríkið gerzt meðeigandi í Sogsvirkjuninni
og samningur verið gerður milli Reykjavíkurkaupstaðar og ríkisstjórnarinnar um
sameignina og reksturinn. Nú heimila lögum um Laxárvirkjunina ekki, að ríkissjóður
gerist meðeigandi að henni fyrr en síðar, og þarf því að gera á þeim lögum nokkra
breytingu til þess að sams konar samvinna geti orðið um hina fyrirhuguðu aukn-
ingu Laxárvirkjunarinnar sem um Sogsvirkjunina. Með frv. þessu, ef að lögum
verður, er gerð sú breyting á lögum nr. 54 1949, um Laxárvirkjunina, sem nauð-
synleg er til þess að nú þegar sé hægt að ganga til samninga um sameign og sam-
vinnu um framkvæmdirnar.

Bæjarstjórn Akureyrar er kunnugt um aðalefni frumvarps þessa.

Um 1. gr.

Enda þótt gert sé ráð fyrir því, að samningar verði gerðir um sameign kaup-
staðarins og ríkissjóðs á Laxárvirkjuninni, þykir ekki ástæða til að láta 2. gr. lag-
anna falla niður, en upphæð ábyrgðarheimildarinnar er hækkuð til samræmis við
kostnaðaráætlanir um virkjunina eftir gengisfellinguna úr 22 millj. í 38 millj. kr.

Um 2. gr.

Ákvæði greinarinnar um eignarhlutföll aðilanna í Laxárvirkjuninni svara til
þess, er samið hefur verið um við Sogsvirkjunina. Ákvæðin um ákvörðun kaup-
verðs eru orðrétt hin sömu sem nú eru í lögnum um Laxárvirkjunina. Ákvæði síð-
ustu málsgreinar veita ríkisstjórninni hina nauðsynlegu heimild til að ráðast í þessa
og síðari viðbótarvirkjanir í Laxá, ef ríkið verður meðeigandi, en upphæð lántöku-
eða ábyrgðarheimildarinnar er sett aðeins hærra en slöfnkostnaður þessarar við-
bótarvirkjunar er nú áætlaður.

Um 3. gr.

Fyrsta málsgreinin er samhljóða tilsvareandi ákvæðum Sogsvirkjunarlaganna.

Önnur og þriðja málsgreinin eru óbreyttar frá því, sem nú er í lögnum um
Laxárvirkjunina.